

Sjálfskuldarábyrgð

Um sjálfskuldarábyrgð

Sjálfskuldarábyrgð er það, þegar einstaklingur eða fyrirtæki ábyrgist greiðslu skuldar annars aðila sem sýna eigin. Ábyrgðarmaður ábyrgist alla skuldina og ef ábyrgðarmenn eru fleiri en einn ábyrgist hver um sig fulla greiðslu. Þetta samband ábyrgðarmanna er kallað óskipt ábyrgð eða ábyrgð "in solidum".

Hvenær er sjálfskuldarábyrgð notuð?

Algengust er sjálfskuldarábyrgð á bankalánum til skamms tíma og samningum um kaup á vélum og tækjum. Ábyrgðin er eitt form tryggingar fyrir því að skuld verði greidd. Aðrar tryggingar eru t.d. veð í fasteignum og bifreiðum.

Hvernig gangast menn í sjálfskuldarábyrgð?

Ábyrgðin verður til með skriflegri yfirlýsingu ábyrgðarmanns á skuldabréfi eða öðru skuldaskjali. Ef um víxil er að ræða þarf enga sérstaka yfirlýsingu, aðeins áritun. Einnig er hugsanlegt að ábyrgðin verði til á annan hátt, t.d. við andlát ábyrgðarmanns. Maki sem situr í óskiptu búi tekur við ábyrgðinni og það sama gildir um erfingja sem skipta búi einkaskiptum.

Hvenær þarf vottun á skjal?

Til að skuldaskjöl öðlist gildi þurfa undirskriftir á þeim að vera vottaðar af tveimur fjárráða einstaklingum. Lögmennt, löggiltir fasteignasalar og lögbókendur ("notarius publicus") geta þó vottað einir. Tvo vitundarvotta þarf að undirskriftum bæði aðalskuldara og ábyrgðarmanns.

Hversu víðtæk er ábyrgðin?

Samkvæmt texta flestra skuldaskjala nær ábyrgðin til höfuðstóls, verðbóta, vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar, þar með talið alls innheimtukostnaðar. Ábyrgðarmaður getur þurft að greiða kostnað við árangurslausu innheimtu hjá aðalskuldara og öðrum ábyrgðarmanni.

Má breyta skuldaskjalinu?

Breytingar sem eru gerðar á skuldaskjali eftir að ábyrgðarmaður hefur undirritað það eru ekki skuldbindandi nema hann hafi samþykkt það sérstaklega.

Hvað gerist ef skuldin fer í vanskil?

Ábyrgðin er óskipt, sem þýðir að það er hægt að innheimta alla skuldina hjá aðalskuldara eða ábyrgðarmanni, hvort sem betur þykir henta. Röð undirskrifta skiptir ekki máli í því sambandi. Algengast er þó að innheimta hefjist hjá aðalskuldara. Flest skuldaskjöl hafa

að geyma heimild til fjárnáms án dóms, en áður skal þó birta greiðsluáskorun með 15 daga fyrirvara.

Hvaða rétt á ábyrgðarmaður?

Ábyrgðarmaður sem greiðir skuldina getur endurkrafið aðalskuldara um allt sem greitt hefur verið auk dráttarvaxta frá greiðsludegi, skv. þeim kvittunum sem hann hefur fyrir greiðslunni. Ábyrgðarmaður á þess einnig kost að krefja aðra ábyrgðarmenn um að þeir greiði til jafns við hann. Hafi hann til dæmis verið einn af þremur ábyrgðarmönnum getur hann krafist þess að þeir endurgreiði honum hvor um sig 1/3 hluta skuldarinnar.

Rétt er að leita aðstoðar lögmanns við innheimtu innlestrar ábyrgðarskuldar.

Hvenær fellur ábyrgðin niður?

Sjálfskuldarábyrgð fellur oftast niður við greiðslu skuldarinnar. Hugsanlegt er að hún falli fyrr niður, t.d. ef eigandi lýsir því yfir að ábyrgðarmaðurinn sé leystur undan skuldbindingu sinni, oftast vegna þess að annar kemur í hans stað. Einnig getur ábyrgðin fyrnst og gerist það á 4 árum frá gjalddaga, sé ekkert aðhafst í innheimtu.

Nokkur almenn heilræði:

- Kannaðu fjárhag þess sem biður þig að gangast í ábyrgð.
- Ekki ábyrgjast meira en þú getur greitt.
- Fylgstu með skuldaskilum.
- Láttu vanskil ekki hlaðast upp.